



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

## Fundargerð 96. fundar svæðisskipulagsnefndar

96. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 23. október 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi og á fjarfundi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

**Reykjavík:**

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

**Kópavogsbær:**

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

**Hafnarfjarðarbær:**

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

**Garðabær:**

Sigurður Guðmundsson

**Mosfellsbær:**

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

**Seltjarnarnesbær:**

Ragnhildur Jónsdóttir

**Kjósarhreppur:**

Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Marianna Huguína Helgadóttir boðaði forföll fyrir fund.

Þetta gerðist:

**1. Þróunaráætlun 2020 – 2024, málsnr. 1812002 – kynning**

Kynnt staða vinnu við gerð þróunaráætlunar.

Samúel Torfi Pétursson frá verkfræðistofunni VSÓ tekur sæti undir þessum lið.

**2. Leiðbeiningar um samgöngumiðaða byggðapróun, málsnr. 2005005 – kynning**

Kynnt staða vinnu við gerð leiðbeininga.

**Tillaga að afgreiðslu**

*Frestað*

*Sigurborg Ósk Haraldsdóttir vék af fundi klukkan 14:06*

*Helga Hauksdóttir tók við fundarstjórn.*



**3. Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð, málsnr. 2010007**

Lögð fram drög að endurskoðun á Aðalskipulagi Reykjavíkur dags. sept 2020 ásamt fylgigögnum og bréf dags. 15.10.2020

**Tillaga að afgreiðslu**

*Frestað.*

**4. Aðalskipulag Mosfellsbæjar. Skipulagslýsing, endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar, málsnr. 2009005**

Lögð fram skipulagslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar dags. 07.09.2020 og bréf dags. 18.09.2020. Einnig lagt fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 20.10.2020

**Afgreiðsla**

*Umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 20.10.2020 samþykkt.*

**5. Ofanbyggðarvegur, málsnr. 2010005**

Lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 20. október 2020.

Umræður

**Afgreiðsla**

*Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir að fulltrúar frá Vegagerðinni fái boð á næsta fund nefndarinnar til að halda kynningu og ræða sýn Vegagerðarinnar.*

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar eftirfarandi:

*Fulltrúi Miðflokksins í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vill benda á að svo virðist sem Vegagerðin vilji losna undan því að taka þátt í svokölluðum Ofanbyggðarveg enda orðinn að e.k. sundurslitnum hverfisvegum eða n.k. íbúðargötu. Tilgangurinn með honum var annar hér áður fyrr. Þarna virðist vegurinn það „þröngur“ í skipulagi að nýlunda, varðandi þrengingar á höfuðborgarsvæðinu, er nú í auglýsingu. Þrengingarstefnan virðist orðin að meginstefnu fleiri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en aðeins Reykjavíkur. Það vekur sérstaka athygli.*

**6. Reglugerð um hlutdeildarlán, málsnr. 2010004**

Lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 21. október 2020.

**Afgreiðsla**

*Lagt fram*

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar eftirfarandi:

*Fulltrúi Miðflokksins getur ekki samþykkt umsögn svæðisskipulagsstjóra sem send var án formlegrar afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar. Þrátt fyrir fresti eru stjórnarsýslulög þannig úr garði gerð að hægt er að óska eftir frestum. Hlutdeildarlán og óhagnaðardröfn verkefni eru afar hæpin til að byggja upp sterka eiginfjárstöðu heimila almenn.*

*Skv. 2. grein starfsreglna um svæðisskipulagsnefnd segir: Skrifstofa Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast stjórnarsýslu er varðar starf nefndarinnar og fjármál svæðisskipulagsins, og skal svæðisskipulagsstjóri ( eða annar starfsmaður SSH ) starfa með nefndunum.*



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

---

**7. Svæðisskipulag: Drög að fjárhagsáætlun 2021**

Lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 5. október 2020 sem var lagt fyrir stjórn SSH 5. október 2020.

Umræður

**Tillaga að afgreiðslu**

*Frestað*

*Ekki fleira var gert. Fundi lauk klukkan 15:30*